

## Skilablað – Hjúkrunarheimili við Boðaping 5 – Leki

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar-eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna verkefnisins Hjúkrunarheimili við Boðaping 5 – Leki.

### 1 Upphaf verkefnis

Kópavogsbær hafði samband við Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) þann 9. nóvember 2017 vegna leka sem hafði orðið vart við í húsi nr. 5 við Boðaping.

Hluteigandi aðilar voru sammála um að hlutdeild greiðslu væru velferðarráðuneytið 85% og Kópavogsbær 15% í öllu meiriháttar viðhaldi utandyra.

Vífill Björnsson var verkefnastjóri FSR í verkefninu.

### 2 Verklýsing

Þakdúkur var farinn að leka inn á hjúkrunarheimilið við Boðaping og þurfti að nota fötur til að hefta vatnið. Helgina 4.–5. nóvember 2017 var dúkur eins og blaðra að sögn sjónarvotta og því nokkuð ljóst að dúkurinn var laus frá þakplötu/einangrun. Nauðsynlegt var að ráðast í úrbætur sem allra fyrst.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Þann 4. desember 2017 fékk verkefnið verknúmerið 508 2003.

### 4 Framvinna

Niðurfall var lagfært, skipt var um rofnar túður, soðið var ofan í samskeyti og aukið var við festingar niður í steypa plötu.

Kröfur framleiðanda eru að festa eigi dúk niður með tveimur dílum á hvern fermeter. Tekin var ákvörðun um að samskeyti yrðu díluð með 200–300 mm

millibili (c/c) en einnig var miðja einangrunar díluð niður til að fyrirbyggja færslu hennar í framtíðinni.



Mynd 1. Unnið við að díla dúk á þaki húss.

### 5 Kostnaður verksins

Verkleg framkvæmd:	5.650.000 kr.
Umsjón og eftirlit:	718.300 kr.
<b>Samtals:</b>	<b>6.368.300 kr.</b>

### 6 Niðurstaða verkefnis

Mikið sog hafði myndast á þaki og við sögið dregið loft inn undir dúk. Verktaki telur að ekki hafi verið gengið frá gati með niðurfalli í útveggjum hússins og þar með hafi loft átt leið inn undir dúk.

Talið er að framkvæmdum/viðgerðum á þaki sé lokið.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við.

### 8 Verklök

Verklök voru 28. nóvember 2017 og lokauppgjör við verkkaupa fór fram 15. janúar 2018.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri



Vífill Björnsson verkefnastjóri